

breyta 6. grein D í frumvarpinu samkvæmt því. Einnig þókti réttast að breyta orðinu „lög” í fyrirsögn frumvarpsins í „tilskipun”.

1869.
25. júní.

58. Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt í þeim tilgangi, samkvæmt 30. grein í lögum um skrásetning danskra skipa 13. marzmán. 1867, að leiða þau í lög á Íslandi með nokkrum breytingum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Til þess að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazzt rétt á að hafa danskt flagg, verður eigandi þess að hafa réttindi innborinna danskra manna og ekki hafa þólfestu fyrir utan lönd Danaveldis, eða eigandinn eða eigendurnir verða að vera orðnir danskir þegnar, með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi eða í Danmörku. Sè skipið eign hlutafélags, þá á félagið að vera undir íslenzkum eða dönskum lögum, og stjórn þess hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og félagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hér að framan.

2. grein.

Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi, og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipa mælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og skal það, meðan það er í gildi, ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein) vera til sönnunar og vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hvenær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sérhvert skrásett skip, bæði á friðar og ófriðar tímum, að eins að hafa farmskjöl þau, sem

1869.
25. júní.

með þarf, og skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.

Skip, sem að eins eru 30 tons á stærð og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undan þegin ákvörðununum hér að framan um skrásetningar- og þjóðernis-skýrteini; skulu þau sett á skrá sèr og að eins fá mælingarskýrteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sè þess farið á leit, má samt skrásetja skip þessi algjörlega og láta þau fá þjóðernis-skýrteini, og eru þau þá undirgefin ákvörðununum í tilskipun þessari.

Ekkert íslenskt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hér eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almennilega danska verzlunarflagg, en það er kaupferðaflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. grein.

3. grein.

Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal ávallt vera markað þjóðernis-merkið „D. E.“ (þ. e. dönsk eign), talan, sem merkir rúmmál þess, og skrásetningarstafirnir á þiljubítann í aptari röndinni á stórlúkunn, eða ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. grein.

Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skal hún fyrst um sinn að eins fram fara á þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hjá lögreglustjóra þeim, sem í hlut á. Stjórnin ákveður stærð skrásetningarumdæmis þess, sem þannig verður lagt undir hvern verzlunarstað.

Á aðalskrá skrásetningarstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, skal einpig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-

skýrteini þau, sem um er rædt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

1869.
25. júní.

5. grein.

Á hverjum þessara staða skulu skipin í því héraði sett á skrá og tala við hvert skip.

Sérhver skipseigandi á rétt á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitid heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna eða hlutafélaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, nema stjórnin veiti sérstaklegt leyfi til þess.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

6. grein.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. grein.

Skrásetningar-bækurnar eiga að skýra frá í sérstökum dálkum:

- 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sé smíðað;
- 2) hvers konar skip það sé, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli þess á alla vegu;
- 3) rúmmáli skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
- 4) nafni, stöðu og heimildarbréfi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Sé fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sé skipið hlutafélags eign, skal bóka nafn félagsins, aðal- aðsetur stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

1869.
25. júní.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. grein.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau sé dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sé ekki lengur til, eða að það hafi misst rétt á að vera álitid danskt skip, eða að það sé komið undir annað skrásetningarumdæmi. (16., 17. og 19. grein).

9. grein.

Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sé það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

- 1) skipasmíðisskýrteinið og, ef skipið ekki er smíðað í hinu danska ríki, kaupbréfið eða annað skjal, sem er því til sönnunar, að skipið sé hætt að vera útlend eign og orðið dönsk eign, og kvittun um, að aðkaupsgjaldið sé borgað. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar;
- 2) skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sé þess konar menn, sem heimilt sé að eiga skip, er hefir danskt flagg, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafélags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn félagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sé fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitord um, að þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið skuli ekki verða vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og dönsk skip hafa.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að

1869.

25. júní.

rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sé staðfest af nótaríus.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sé heimilt að eiga skip, er hefir danskt flagg, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hér eru heimtuð, ef að komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. grein.

Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjöllum) þegar í stað til stiptamtmannsins, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sé viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabirgða þjóðernis-skýrteini, er samið sé eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins, og ber henni um leið að sjá um, að markað sé á skipið þjóðernismerkið „D. E.“, rúmmálið og skrásetningarstafr þeir, sem stiptamtmaðurinn hefir tekið til. Áður en skipið er afgreitt, skal þar að auki á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra á skýrteinið. Skýrslu þá, sem stiptamtmaður hefir fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjöllum, skal hann senda hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess henni verði komið á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sé mælt um að öllu eða nokkru leyti, og að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sé gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim.

11. grein.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrif-

1869.
25. júní.

stofan út þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem er aptan við tilskipun þessa, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 7. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent stiptamtanni aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það til skrásetningarskrifstofu þeirrar, sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrétta þau missmíði, sem kunna að vera á mælingunni o. fl., og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað þessu fullgilda skýrteini, þá er búið er að rita nafn skipstjóra á það, móti því, að það skili aptur bráðabirgðaskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent stiptamtanni ásamt með skýrslu um, að búið sé að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sè skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um, að það sé skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komið á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

12. grein.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu og sýnt, nær sem danskt yfirvald heimtar það, hvort sem það er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sé ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sé gjört af stiptamtanninum eða á einhverri skrásetningarskrifstofu í Danmörku eða á Íslandi eða af verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. grein.

Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í „danska eign“, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt eða íslenzkt skrásetningarumdæmi.

1869.

25. júní.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúnum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rædt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernis-skýrteini, þangað til skipið verður skrásett á lögbodinn hátt.

Þjóðernis-skýrteinið til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

- 1) nafn skipsins, og hvers konar skip það sé;
- 2) hvenær og hvar skipið sé keypt, og nafn hins íslenska eða hinna íslensku eiganda þess samkvæmt kaupbréfinu eða öðru heimildarskjali;
- 3) nafn skipstjóra;
- 4) eins nákvæmar upplýsingar og fengist geta eptir atvikum, um rúmmál þess, lögun og lýsingu á því;
- 5) hversu lengi skýrteinið sé gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabirgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska eða íslenska höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef að stjórnin veitir ekki sérstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslensku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sér heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska eða íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sé breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sérstaklega.

14. grein.

Á sérhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera

1869.
25. júní.

ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu letri ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku letri með ljósleitum undirlit.

EKKI er leyfilegt að leynd nafni skipsins né heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni, en því sem það er skrásett með.

EKKI má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eiganda-skípti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sé nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstaðirnir haldast óbreyttir.

15. grein.

Sé þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess sömuleiðis er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sé mælt um, þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda neitt, nema að svo miklu leyti sem mótunargjald ber að greiða.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis-skýrteini til bráðabirgða (13. grein), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sé gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. grein.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig

að skila hjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

1869.
25. júní.

Hafi skipið farið erlendis, skal dönskum verzlunarfulltrúa skýrt frá því eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. grein.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rétt sinn til að vera álitid danskt og hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofunni í umdæmi því, hvort sem það er danskt eða íslenskt, þar sem skipið er, skriflega frá þessu, til þess að sæð verði um, að markið „D. E.“, verði höggvið burt. Sömuleiðis ber honum, áður en 4 vikur eru liðnar, frá því að hann fékk að vita, að salan væri fullkomnuð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að sjá um, að markið „D. E.“ sé höggvið burt, og senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið eða stýrði því, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um söluna, og um að búið sé að höggva markið „D. E.“ burtu, og senda stiptamtmaninum skilríki þessi ásamt með skýrteininu, til þess að hann leiðbeini þeim til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlands manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að arfi, á rættarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

1869.
25. júní.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sé óhæðert.

18. grein.

Verði nokkur breyting um eignarréttindin yfir skipinu, en sem þó ekki snertir rétt þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sé annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningar-skrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrétt eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sé farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sé þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sé, um rúmmál þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, það að sé skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. grein).

Sérhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stiptamtmanni, til þess hann komi henni á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hér að framan, og orðið hefir um skip þau, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. grein.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarum-dæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef að eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. grein.

Sè þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldinn er 1 rd. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömu leiðis má með sömu skilmálum fá hjá stiptamtanninum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, sem fyr er útgefið og enn er gilt, og frá aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sæ samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var látið í tæ.

21. grein.

Ef að eigandinn særstaklegra orsaka vegna æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett, fara úr einni íslenskri höfn á aðra (íslenska höfn), þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það með því að gefa út leiðarbréf, sem hefir sama gildi innan tæðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningarskýrteini.

22. grein.

Sérhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem skilmálarnir, er nauðsynlegir eru eptir tilskipun þessari til þess að mega hafa danskt flagg, ekki eiga sær stað um, varðar allt að 1 rd. fæsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, ef að slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. grein.

Ef að það sannast, þegar búið er að gefa út og skila

1869.

25. júní.

1869.

25. júní.

Þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rétt á því, þá skal goldin allt að 2 rd. fæsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram, og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sé ógilt, og skal það gjört upptækt undir eins og verður.

24. grein.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svipti það rétti til að hafa danskt flagg, þá varðar það fæsekt allt að 25 rd. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu, og það er gjört í því skyni, að nota sér þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið ekki á rétt á að hafa, þá varðar það fæsekt allt að 2 rd. fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins.

25. grein.

Láti maður fyrir farast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. grein, án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, og eins ef ekki er sæð um, að markið „D. E.“ sé höggvið burtu, eins og fyrir skipað er á sama stað, þá varðar það allt að 1 rd. fæsekt af hverjum ton af rúmmáli skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sé ógilt.

26. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fæsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fæsekt allt að 10 rd. fyrir brot á ákvörðununum í tilskipun þessari, sem ekki er sérstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt tilskipuninni og í samhljóðan við hana.

27. grein.

Fyrir fæsektum þessum er eigandinn, og sé þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins

og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafélög, eru allir þeir, sem eru í stjórn félagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fêsektunum.

1869.
25. júní.

28. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fêsektar samkvæmt tilskipun þessari, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sè sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður sem ákveður, hvort að málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fêsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar.

29. grein.

Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja tilskipun þessari fram, gefa embættismenn þeir út, sem nefndir eru í 4. grein.

30. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. ágústmán. 1870, og skal ávallt eitt exemplar af henni látið úti með hverju skýrteini, sem veitt er nokkru íslenzku skipi.

ÁKVÖRÐUN UM STUNDARSAKIR.

31. grein.

Skip þau, sem eiga heima á Íslandi, og eru þegar dönsk eign, þá er tilskipun þessi öðlast lagagildi, og vegna þessa hafa á sèr þjóðernismerkið, sem hingað til hefir verið, og standa á skipaskrár þeim, sem verið hafa hingað til, en gildi mælingarbréfs þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem áður hafa gilt um það, *skulu* skrásett o. s. frv. samkvæmt ákvörðunum í tilskipun þessari.

Skip, sem hafa mælingarbréf, er enn eru gild og gefin eru út samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, má, ef þess er farið á leit skriflega við einhverja skrásetningarstofu, mæla um og skrásetja síðan eptir ákvörðunum tilskipunar þessarar, og skal þá um leið skila hinu fyrri mælingarbréfi aptur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1869.

25. júní.

DANSKT ÞJÓÐERNIS- OG SKRÁSETNINGARSKÝRTEINI.

(Skjaldarmerki Danakonungs.)

Samkvæmt lögum þeim, sem gilda um það efni, er skrásett, að
eigi heima í og mælt og reiknað að rúmmáli

tons; er það ásamt merkinu „D. E.“ (b. e. dönsk eign) og skrásetningarsöfunum höggvið á

og á ofanefnt skip rétt á að vera aðnjótandi verndar þeirrar og hagsmuna,
sem dönskum skipum ber.

Því til sönnunar er þetta skýrteini gefið út.

Á hinni konunglegu aðal-skrifstofu fyrir skrásetningu og mælingu skipa í

Kaupmannahöfn

átján hundruð

forstjóri

Látið úti frá skrásetningarskrifstofunni í

dag

mán.

18

Whereas the the	called	Attenu que du port de
belonging to the port of in the Kingdom of Denmark, being Danish Property, has been duly registered, the said is entitled to all the rights and privileges accorded to Danish vessels.		mark, étant Propriété Danoise, a été dûment enregistré, ce navire est en droit de jouir de toute la protection ainsi que des privilèges et avantages accordés aux navires danois.
In Witness whereof she has been furnished with the above certificate of Nationality and has been marked on her main beam with:		En foi de quoi il a été muni de l'Acte de Nationalité ci-dessus, et a été marqué sur le bau du grand panneau:
D. E., Tons (skrasetningarstafrnir), such letters being the official letters of the General Register of Danish Shipping, and the tons, her Register tonnage, equal to		D. E., Tons (skrasetningarstafrnir). qui sont les lettres officielles du Registre Général des navires danois, et les tons, le tonnage-registre, équivalent à
tons register of 100 cub. feet each according to M, S, A, 1854, Part II, Rule 1.*)		Registre Tons Anglais de 100 pieds cub.**)
The principal dimensions in English feet and decimals thereof being: Length on the Upper Deck from the Inside of the inner Plank at the Side of the Stem to the Inside of the Plank on the Midship Stern Timber = of the Length = the Upper Deck to Ceiling at Midship =		Les mesures principales en mètres et centimètres sont: la longueur en ligne droite sur le pont entre le bordage aboutissant à l'étrave et le bordage à milargeur du tableau = la largeur intérieure à mi-longueur du pont = la profondeur****) dans la cale, au milieu, mesurée de la partie inférieure du bordage du pont jusqu'au bordage à côté de la carlinque =

Fyrir skip, mæld eptir bráðabirgða-aðferðinni, skal sett:

- *) Danish Shipping. The tonnage is ascertained by the Danish Rule II for ships having cargo on board.
 **) ... des navires danois. Le tonnage est fixé par le jaugeage provisoire des bâtiments chargés.
 ***) Deft from the Upper Deck to the outer Planking at Midship.
 *****) La profondeur, au milieu, mesurée du bordage du pont jusqu'au bordage extérieur.

1869.

25. júní.

1869.

25. júní.

MÆLINGARBRÉF.

Skrásetningar- og kenningarveifu-stafir		Skrásetningin dagsett	
Umdæmistala			
<i>Nafn skipsins og tegund.</i>	<i>Hvar og hvenær smíðað. Nafn og heimili yfir-smíðsins.</i>	<i>Heimili skipsins og skrásetningarumdæmi.</i>	<i>Um gufuskip: Tala vélanna og hestaaf. Nafn og heimili vélasmíðsins.</i>
Tala pílfaraanna.			
Tala siglutrjáanna.			
Lögun skipsins að aptan.			
Aðalmálin.		Rúmmál.	
Lengd á pílfarinu (efsta) frá innri súðinni öðrumegin við stafinn aptur að skutsúðinni.		eptir hinni fullkomnu mælingaradferð (I. reglu) [eða: eptir bráðabíngða mælingaradferðinni (II. reglu)].	
Breidd miðskipa milli innviða		Rúmið undir pílfarinu Sérstök rúm á pílfarinu, sem sé:	Teningsfeti.
Dýpt ¹ í rúminu miðskipa frá (efsta) pílfars neðra fleti til innri súðarinnar			Tons.
Aðal-rúmmál skipsins		Aðal-rúmmál skipsins	

1869.

25. júní.

Fyrir mælinguna o. s. frv. eru borgaðir sk. fyrir hvern ton, alls rd. sk. Fyrir lögboðinn mótaðan pappír er borgað: fyrir mælingarbréfið rd. sk. fyrir hinsvegar ritað skýrteini — —	<i>Um gufuskip:</i> vélarúm (lengd þess = Önnur rúm . . .	
dag mán. 18	Rúmnál sem gufuskip , .	
Nafn, staða og heimkynni <i>eigandans</i> , og hvenær og hvar heimildarskjalíð sé dagsett og staðsett.	Nafn og heimili <i>skipstjóra</i> , og, ef til þess kemur, hvenær og hvar skipstjóra-skýrteinið sé dagsett.	

Þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini verður ekki haft sem heimildarskjal í viðskiptum manna á milli.

¹⁾ Um skip mæld eftir bráðabirgða aðferðinni skal setja:

Dýpt frá (efsta) þúlfars efra fleti niður að ytri súðinni í botninum.

1869.

25. júní.

Samkvæmt konungsráskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til laga fyrir Ísland um skrásetning skipa¹, er samið hafði verið í dómsmálastjórninni og sniðið var eptir lögum fyrir Danmörku 13. marzmán. s. á. um sama efni. Alþingi ræddi málefni þetta á lögskipaðan hátt og lét síðan uppi þegnlegt álitsskjal² um það; ræði þingið til þess, að frumvarpið væri löggilt, en samt með efnisbreytingum þeim, er nú segir:

- 1) að 1. grein verði þannig orðuð: „Sérhvert skip hefir „rétt að hafa danskt flagg, sè eigandi þess búsettur á „Íslandi. Sè skipið eign hlutafélags, skal félagið vera „undir íslenskum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt í „landinu, og þeir félagsmehn, sem eigi eru búsettir á Ís- „landi, hafa rétt innfæddra danskra manna og ekki hafa „bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis”;
- 2) að fyrir stafina D. E. (þ. e. dönsk eign) í 3. grein og hvar sem það kemur fyrir í frumvarpinu verði sett I. E. (þ. e. íslensk eign);
- 3) að síðari kaffi 4. greinar: „Á aðalskrá — — — — þeirri skrifstofu“ orðist þannig: „Öll skip, sem skrásett „eru á Íslandi, skulu tekin upp á aðalskrá stiptamtmanns, „og skal stiptamtmaður gefa út öll þjóðernis- og skrásetn- „ingarskýrteini þau, sem um er rædt í 2. grein”;
- 4) að í 2. tölulið 9. greinar verði í staðinn fyrir: „að eiga danskt skip” sett: „að hafa danskt flagg”, og að þessum orðum verði breytt á sama hátt, hvar sem þau koma fyrir annarstaðar í frumvarpinu;
- 5) að 10. grein verði þannig orðuð: „Þá er búið er að „rita á hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu það, sem með „þarf, um skrásetninguna og mælinguna á skjal, sem um „það er gjört, skal senda skjalið með fylgiskjöllum til stipt- „amtmannsins; skal hann yfirskoða mælinguna og rannsaka

1) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 194.—211. bls.

2) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 527.—535. bls.

1869.

25. júní.

„skilríki þau, sem honum hafa send verið; ef honum
 „þykir þörf, má hann krefjast þess, að skipið sé mælt
 „um, og heimta nákvæmari og fullkomnari skýringar.
 „Þá er öll skilríki eru fengin, svo stiptamtanni þyki
 „nægjanlegt, skal hann taka skipið upp í aðalskrána;
 „síðan gefur hann út þjóðernisskýrteini samkvæmt sýnis-
 „horni, er stjórnin semur, og sendir skrásetningarstofunni,
 „til þess að hún skili því til skipsins, og skal skrásetn-
 „ingarstofan um leið sjá um, að markað sé á skipið þjóð-
 „ernismarkið, rúmmálið og skrásetningarstafr þeir, sem
 „stiptamtmaður tekur til”;

- 6) að fyrri málsgrein 11. greinar: „Þegar skrásetningin
 — — — skýrteini úti” verði felld burtu;
- 7) að í öðrum kafla 12. greinar verði sett „amtanni” í
 staðinn fyrir „stiptamtanninum”;
- 8) að í fyrsta kafla 13. greinar verði í staðinn fyrir: „dansk
 skrásetningarumdæmi” sett: „dansk eður íslenzkt skrá-
 setningarumdæmi”, og að í tveimur síðustu köflum sömu
 greinar verði sett: „danska eður íslenzka höfn” í staðinn
 fyrir „danska höfn”;
- 9) að í fjórða kafla sömu greinar og í 16. grein verði sett:
 „stjórninni” í staðinn fyrir „hlutadeiganda stjórnarráði”;
- 10) að þriðri kafla 15. greinar verði þannig orðaður: „Í öllum
 „heim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að
 „skipið sé um leið mælt á ný, þarf beiðandinn enga
 „borgun að greiða”;
- 11) að í upphafi 17. greinar verði fyrir orðin: „þegar manni
 — — — dansk flagg” sett: „Nú er skip selt, og
 missir við það rétt að hafa dansk flagg, og á sá”;
- 12) að þessum orðum í síðustu málsgrein 18. greinar: „til
 þess hann komi henni — — — Kaupmannahöfn”
 verði sleppt;
- 13) að í síðari málsgrein 20. greinar í stað orðanna: „aðal-
 skrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn” verði sett „stipt-
 amtanni”;

1869.
25. júní.

- 14) að í 22. grein og annarstaðar, þar sem það kemur fyrir, verði sett „ensk lest” í staðinn fyrir „ton”;
- 15) að í 22.—26. grein verði upphæð sektanna sett niður hér um bil um helming;
- 16) að í niðurlagi 27. greinar eptir orðin: „stjórn félagsins” verði bætt inn í: „á sama hátt”;
- 17) að í stað niðurlags 28. greinar: „Fésektirnar renna inn í ríkissjóðinn” verði sett: „Fésektirnar renna inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar”; og
- 18) að lagabóðið verði látið öðlast gildi 1. janúarmán. 1869.

Þá er dómsmálastjórninni hafði borizt álitsskjal alþingis, skrifaðist hún á við aðalskattastjórnina um málefni þetta, og lét skattastjórnin í ljósi það álit sitt, er dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti féllst alveg á, að þar eð ákvarðanirnar í skrásetningarlögnum 13. marzmán. 1867 verða samkvæmt síðasta kafla 30. greinar í lögnum að eins leiddar í lög á Íslandi með þeim breytingum, sem kynnu að vera nauðsynlegar sökum sérlegra landshátta þar, verði ekki teknar ákvarðanir, sem gjöra verulegar breytingar á lögnum, sem gilda í konungsríkinu, inn í lagabod það, sem á að gefa út handa Íslandi, nema því að eins að það sé borið undir ríkisþingið. Skal nú skýrt frá tillögum dómsmálastjórnarinnar um breytingar þær, er alþingi hafði stungið uppá.

Um 1. þessi breytingar-uppástunga alþingis var að þess hyggju að eins orðabreyting, en aðalskattastjórnin lagði eindregið á móti henni fyrir þá sök, að, ef fallizt væri á hana, væri farið út fyrir ákvarðanirnar um það efni í lögnum 13. marzmán. 1867, og veittur kostur á að koma skipi undir danskt flagg á Íslandi með miklu hægara og auðveldara móti en annarstaðar í löndum Danaveldis, þar sem skilmálarnir ættu ekki að vera aðrir, en að sá, sem í hlut á, væri „búsettur á Íslandi”. Þetta mundi raska öllum þeim reglum, sem settar eru í Danmörku, og verða til þess, að, ef svo bæri undir, gæti öll sú óregla og öll þau missmíði smeygt sér inn, sem ákvarðanirnar í lögnum fyrir Danmörku einmitt eiga að stemma stiga fyrir. Hér við bætist, að fyrsta og önnur málsgrein 1. greinar mundu,

ef þær væru orðaðar eins og alþingi stingur uppá, komast undarlega í bága hvor við aðra og við það, sem fyrir er mælt í lögunum 13. marzmán. 1867, því samkvæmt fyrstu málsgrein ættu ekki að vera aðrir skilmálar fyrir að mega hafa danskt flagg, en að eigandi skipsins væri heimilisfastur á Íslandi, en aptur áskilur önnur málsgrein, að, ef skipið er eign hlutafélags, verði þeir félagsmenn, sem eiga heima fyrir utan Ísland en í Danmörku, að hafa rétt innborinna danskra manna. Samkvæmt því, sem aðalskattastjórnin þannig hafði sýnt fram á, virtist dómsháttastjórninni ekki vera ástæða til að fallast á þessa breytingu alþingis á 1. grein, og það þeim mun síður, sem þingið, eptir því sem segir í álitsskjali þess, ekki hefir ætlað sér með uppástungu sinni að breyta í neinu skilmálunum fyrir að mega hafa danskt flagg.

Um 2. Útaf þessari breytingar-uppástungu hafði þingið greint í meiri og minni hluta, og hafði minni hlutinn krafist samkvæmt 61. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzmán. 1843, að ástæður þær, er hann byggði skoðun sína á, væri teknar inn í álitsskjal þingsins. Meiri hluti þingsins tók fram, sinni uppástungu til stuðnings, að þar sem stafirnir D. E. sé kallaðir þjóðernismerki, þá eigi þeir ekki við eptir almennu máli, þar eð menn í þjóðernislegu tilliti gjöri mun á íslenskri og danskri eign eins almennt eins og sérstaklega. Ef að þjóðernismerkið því væri nauðsynlegt, þá ætti það að meiri hlutans hyggju að sýna eigi að eins þegnsrættindin yfir höfuð að tala heldur og hið sérstaka þjóðerni eigandans, og merkið á íslenskum skipum ætti því að sýna, að skipið væri eign þeirra af þegnum Danakonungs, sem búa á Íslandi, úr því að Ísland er sérstakur hluti í veldi Danakonungs, og Íslendingar og Danir eru tvær þjóðir eða menn með tvennum þjóðerniseinkennum, þó þeir sé þegnar sama konungs, en þenna greinarmun sýni merkið D. E. ekki. Meiri hlutinn fái ekki sæð, að merkið I. E. gæti valdið íslenskum skipseigendum nokkrum hnekki í viðskiptum þeirra við aðrar þjóðir, því öðrum þjóðum, er íslensk skip eiga viðskipti við, hljóti að vera það fullkunnugt, að Ísland er einn hluti af ríki Danmerkur konungs, og þar á ofan sanni þjóð-

1869.
25. júní.

1869.

25. júní.

ernis- og skrásetningarskýrteinið nóg samlega, að skipið sé eign eins af þegnum Danakonungs, og hafi fullan rétt á að verða aðnjótandi allra þeirra hagsmuna, sem eru samfara réttinum á að hafa danskt flagg. Loks gat meiri hlutinn þess, að, eptir því sem kunnugt er, þá sé ekki slík eða áþekk stafamerki heimtuð eða almenn í öðrum löndum, enda verði þau ekki álitin nein sérleg trygging sem þjóðernismerki fremur en skrásetningarskýrteinið. Minni hlutinn gat með engu móti fallist á þessa uppástungu meira hlutans, heldur varð að álíta sjálfsagt, að þjóðernismerkið D. E. eigi að vera á þeim skipum, sem eiga heima á Íslandi, eigi síður en á öðrum skipum, sem eiga heima í ríkinu, sem sýnilegt merki þess, að þau sé eign þegna Danakonungs og hafi rétt á að hafa hið danska flagg, eins og minni hlutinn einnig varð að álíta þetta að vera nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að skipin gæti orðið aðnjótandi þeirra réttinda, sem dönsk skip hafa. Minni hlutinn gat þess enn fremur, að eptir sinni skoðun á þýðingu hins almenna þjóðernismerkis skipanna hafi sér jafnvel þókt vafasamt, hvort hann ætti ekki að greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild þess af þeirri ástæðu, að hin um rædda breyting hafði öðlzt meiri hluta atkvæða, þar eð hann yrði að álíta ógjörlegt, að frumvarpið yrði gjört að lögum með slíkri breyting, en þar eð hann væri þess fullviss, að stjórnin muni sjá fyrir því, að Ísland geti öðlzt þá hagsmuni, sem lagaboðið getur veitt íbúum þess, hafi hann ekki álitid nauðsynlegt að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Bæði konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin voru á því máli, að breyting sú, sem alþingi þannig hafði stungið uppá, væri alveg óhafandi, með því að þjóðernismerkið því að eins gæti orðið að nokkrum notum, að það kæmi fram í sama alþekkta formi á öllum dönskum skipum, og dómsmálastjórnin varð einnig fyrir sitt leyti að vera á sama máli.

Um 3. þessa breytingu hafði alþingi byggt á því, að allt fyrirkomulag þessa máls mundi verða einfaldara, ef þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið væri gefið út á Íslandi af stiptamt-manninum í staðinn fyrir á aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn, eins og það eigi virtist geta verið neinum sérlegum

1869.
25. júní.

vandkvæðum bundið að fela stiptamtmaninum þenna starfa á hendur, og það því síður, sem honum eptir frumvarpinu hvort sem er væri ætlað að gefa skýrteini þetta út til bráðabirgða. Um þetta efni tók konungsfulltrúi fram, að slík breyting á ákvörðunum frumvarpsins, er fari því fram að koma á stofn fyrir Ísland aðalskrásetningarstofu útaf fyrir sig og fá stjórn hennar í hendur stiptamtmanni, sè að sinni byggju ekki fallin til að verða tekin til greina, bæði vegna þess að endurskoðun sú á mælingunni, sem mælt er fyrir um í 10. grein, áður en skipið sè ritað á aðalskrána, verði ekki gjörð með nægilegri nákvæmni af stiptamtmanni, og sökum þess, að það sè svo mjög árfíðandi, að öll þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem eiga samkvæmt 2. grein frumvarpsins að vera hin einu skilríki handa skipinu ávallt þegar spurt verður um þjóðerni þess og nafn, bæði verði að vera eins úr garði gjörð að forminu til handa öllum þeim skipum, sem eiga að sanna heimild sína til að hafa danskt flagg, og eins að þau eptir hlutarins eðli verði að vera gefin út af sama embættisvaldi fyrir allt ríkið, en ekki af sínu embættisvaldinu í hverjum hluta ríkisins. Aðalskattastjórnin var konungsfulltrúa samdóma í því, sem hann hafði fundið að þessari breytingu alþingis, og tók þar á ofan fram, að þessi breytingaruppástunga þingsins komist alveg í bága við ákvörðunina í 9. grein frumvarpsins til íslenzku skipamælingalaganna, því að þar stendur, að sérhver mæling skuli endurskoðuð af almennilegu æðra umsjónaryfirvaldi í Kaupmannahöfn, en þá ákvörðun hafi alþingi látið standa óhaggða, enda mundi breytingaruppástungan leiða til þess, að það yrði að stofna sérstakt embætti í Reykjavík undir stiptamtinu til þess að selja því þenna starfa í hendur, en það mundi hafa ekki alllittinn árlegan kostnað í för með sér. Aðalskattastjórnin áleit því, að ákvarðanir frumvarpsins um þetta efni ættu að haldast óbreyttar, en stakk aptur uppá, að orðinu: „má“ í öðrum kafla 4. greinar væri breytt í „skal“, til þess að meiningin yrði skýrari. Dómsmálastjórnin féllst á það, sem aðalskattastjórnin hafði sagt um þessa breytingaruppástungu frá alþingi.

Um 4. þar eð uppástungu alþingis um, að í staðinn fyrir

1869.
25. júní.

„að eiga danskt skip“ verði sett: „að hafa danskt flagg“, væntanlega er nátengd breytingaruppástungunni, sem er tilfærð í öðrum tölulíð, virtist ekki vera neitt tilefni til að taka hana til greina, en hins vegar yrði hugsunin ef til vill ljósar orðuð, ef að í staðinn fyrir: „að eiga danskt skip“ væri sett: „að eiga skip, er hefir danskt flagg“.

Um 5, 6, 12 og 13. Þær breytingar, sem eru tilfærðar í þessum tölulíðum, leiða allar af breytingaruppástungunni við 4. grein, er að framan er á vikið, og urðu þær því ekki teknar til greina.

Um 7. Það virðist mega ætla, að alþingi hafi af athuga-leysi fallizt á þessa breytingu við atkvæðagreiðsluna, með því að annað breytingaratkvæði, sem hún leiddi af, var fellt. Konungsfulltrúi og aðalskattastjórnin lögðu á móti henni fyrir þá sök, að frumvarpið hafði enga ákvörðun inni að halda um, að amtmennirnir skyldu hafa neinn starfa á hendi, er snertir skrásetning skipa. Dómsmálastjórnin áleit því réttast, að hún væri ekki tekin til greina.

Um 8. Að þessum breytingum hafði dómsmálastjórnin ekki neitt að finna, með því þær gjöra meininguna ljósari, og varð fyrir þá sök að gjöra samsvarandi breytingu á 17. grein frumvarpsins.

Um 9. Þessa breytingu gat dómsmálastjórnin aptur á móti ekki fallizt á, með því að hún virðist leiða af breytingaruppástungunni við 4. grein frumvarpsins.

Um 10. Uppástunga alþingis um að láta mótunargjald fyrir nýtt skrásetningarskýrteini falla burtu, þegar skipið ekki hefir verið mælt um, er samfara uppástungunni um, að skýrteinið skuli gefið út á Íslandi, en þar sem ákvarðanir frumvarpsins um, að skrásetningarskýrteinið skyldi gefið út á aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn, voru látnar haldast óbreyttar, var dómsmálastjórnin samdóma konungsfulltrúa og aðalskattastjórninni um, að engin ástæða væri til þess að láta mótunargjaldið falla burtu. Hins vegar virtist vera tilefni til að orða þriðja kafla 15. greinar nokkuð öðruvísi, svo að þar stæði: „þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda neitt, nema að svo miklu leyti sem mótunargjald ber að greiða“.

1869.

25. júní.

Um 11. Aðalskattastjórnin lagði á móti þessari breytingaruppástungu fyrir þá sök, að hún kæmi ekki vel við, og að hún færi ekki fullkomlega hinu sama fram og ákvörðunin í frumvarpinu. Þessu var dómsmálastjórnin samdóma.

Um 14. Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að orðinu „ton“ yrði breytt í „ensk lest“, skal skýrskotað til þess, sem sagt er um samsvarandi breytingaruppástungu alþingis við frumvarpið um skipamælingar. Þessi breyting varð af sömu ástæðum ekki tekin til greina hér.

Um 15—17. Á móti breytingum þeim, sem hér var stungið uppá, hafði dómsmálastjórnin ekki neitt.

Um 18. Með því að ekki varð búizt við, að tilskipunin yrði þinglesin á Íslandi fyrir en á mauntalsþingum vorðið 1870, gat hún ekki orðið látin öðlast gildi fyr en 1. ágústmán. 1870.

Auk breytinga þeirra, sem getið er um hér að framan, á frumvarpinu, er lagt hafði verið fyrir alþingi um skrásetningu íslenzkra skipa, bar aðalskattastjórnin upp, hvort ekki þækti henta að gjöra enn fremur þær breytingar á frumvarpinu, er nú skal greina:

1) að 1. grein yrði orðuð eins og 1. grein í samsvarandi frumvarpi fyrir dönsku eyjarnar í Vesturindíum, en hún er svolátandi:

„Til þess að skip geti öðlazzt rétt á að hafa danskt flagg, verður eigandi þess eður eigendur að hafa réttindi innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu erlendis, eða eigandinn eður eigendurnir verða að vera orðnir heimilisfastir í Danmörku eða á dönsku eyjunum í Vesturindíum. Sè skipið eign hlutafélags, þá á fèlagið að vera undir dönskum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt í Danmörku eða á dönsku eyjunum í Vesturindíum, og fèlagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hér að framan“;

2) að í fjórða kafla 2. greinar í frumvarpinu yrði 20 tons fært uppí 30 tons, þannig að öll skip, sem eru 30 tons eða þaðan af minni fái að eins mælingarskýrteini, sem

1869.
25. júní.

eru gefin út og látin úti á þeim stað, þar sem skipið er mælt, því að sömu ástæður virðist mæla fram með þessari breytingu, eins og með því að hækka takmarkið fyrir mælingar-skyldunni, sem sett hafði verið í frumvarpinu til íslenzku mælingarlaganna, úr 4 tons upp í 12 tons, og þar að auki mundi, ef þessi hækkun yrði tekin upp, ávinnast það, að talsverð tímatöf og kostnaður sparadist, en hins vegar gæti hvorki hið opinbera né einstakir menn haft neina hagsmuni af, að minni skip, sem einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli innanlands, fái þjóðernis- og skrásetningarskýrteini;

- 3) að við annan kafla 5. greinar, sem fer því fram, að á íslenzku skipaskrárnar megi ekki rita skip þeirra dönsku þegna, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, yrði bætt þessum orðum: „nema stjórnin veiti sérstaklegt leyfi til þess“;
- 4) að á eftir fyrstu málsgrein í 10. grein frumvarpsins yrði bætt inn í: „Áður en skipið er afgreiddt, skal þar að auki „á skrásetningarskrifstofunni rita nafn skipstjóra og skýrslu „um heimild hans til að stýra skipi á skýrteinið“, og að þessu samkvæmt yrði bætt aptan við aðra málsgrein 11. greinar þessum orðum: „þá er búið er samkvæmt því, „sem fyrir er mælt í 10. grein, að rita það sem með „þarf á skýrteinið um nafn skipstjóra o. s. frv.“;
- 5) að fyrir framan orðið: „skrásetningarskrifstofu“ í öðrum kafla 12. greinar yrði bætt inn í „danskri“;
- 6) að síðari kafla 20. greinar yrði breytt svo, að þar stæði: „Sömuleiðis má með sömu skilmálum fá hjá stiptamt- „manninum eptirrit af þjóðernisskýrteini til bráðabirgða, „sem fyr er út gefið og enn er gilt, og frá aðalskrásetning- „ingarstofunni í Kaupmannahöfn af fullgildu þjóðernis- og „skrásetningarskýrteini; skal embættismaður sá, sem í „hlut á, rita á eptirritið vottorð um, að það sé samhljóða „frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að það var „látið í tæ“;

7) að í upphafi 21. greinar yrði í staðinn fyrir: „Íslenzkt skip” sett: „skip, sem á heima á Íslandi”.

1869.
25. júní.

Dómsmálastjórnin hafði ekki neitt að finna að breytingum heim, sem aðalskattastjórnin hafði stungið uppá í 2., 3., 6. og 7. tölulið, nè heldur að efninu í breytingaruppástungunni í 5. tölulið, en þókti þó betur henta að orða það, sem til var ætl-
azt, svo, að bæta orðunum: „í Danmörku eða á Íslandi” inn í á eptir orðinu „skrásetningarskrifstofu” í öðrum kafla 12. greinar í frumvarpinu. Aptur á móti þókti stjórnarráðinu miður henta að fallast á þann hluta uppástungunnar í 4. tölulið, sem fer því fram, að á skrásetningarstofunni skuli rita á skýrteinið skýrslu um heimild skipstjórans til að stýra skipi, þar sem Íslenzk lög ekki hafa neina ákvörðun inni að halda um, að menn þurfi að sanna neina sérstaklega hæfilegleika til þess að mega stýra skipi, og af sömu ástæðu þókti réttast að bæta inn í sýnis-
hornið fyrir mælingarbréfum, sem fest er aptan við tilskipunina, á undan orðunum: „hvenær og hvar skipstjóraskýrteinið sé dagsett” þessum orðum: „ef til þess kemur”. Að því er loks snertir uppástunguna, sem er til færð í 1. tölulið, virtist stjórnarráðinu vel mega orða 1. grein tilskipunarinnar eins og þar er stungið uppá, nema að upphafið yrði orðað þannig: „Til þess „að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazzt rétt á að hafa „dansk flagg, verður eigandi þess eða eigendur að hafa réttindi „innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd „Danaveldis” o. s. frv. Þar að auki virtist réttast að bæta inn í aðra málsgrein 5. greinar, á eptir „þegna”, orðunum: „eða hluta-
félaga”. Að endingu skal þess getið, að fyrirsögn lagaboðsins var látin vera: „Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa”.

59. Tilskipun um hundabald á Íslandi.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt,

25. júní.